



Nýársávarp
forseta Íslands
Ásgeirs Ásgeirssonar
1. janúar 1968

Góðir Íslendingar, nær og fjær!

Ég óska yður öllum, hverjum um sig og þjóðinni í heild, góðs og gleðilegs nýárs! Ég þakka einnig innilega gamla árið og öll árin síðan við settumst að hér á Bessastöðum, góðvild og vináttu, sem þeir, sem hér sitja, geta síst án verið.

Á þessum fyrsta degi ársins 1968 tilkynni ég, svo ekki verði um villst, að ég mun ekki verða í kjöri við þær forsetakosningar, sem fara í hönd á þessu nýbyrjaða ári. Fjögur kjörtímabil, sextán ár í forsetastóli, er hæfilegur tími hvað mig snertir, og þakka ég af hrærðum huga það traust, sem mér hefir þannig verið sýnt.

Það er margs að minnast frá þessum árum, þó það verði ekki rakið í þessu stutta áramótaávarpi, og hugljúfastar eru endurminningar frá þeim tólf árum, sem okkur Dóru auðnaðist að búa hér saman. Ég minnst hennar, og ég veit þjóðin öll, með aðdáun og virðingu. Nóg um það, að þessu sinni. Mér er enn „tregt tungu að hræra.“

Það tekur nokkurn tíma að venjast nýju umhverfi, og það liðu nokkur ár þar til okkur varð eðlilegt að segja „heim að Bessastöðum.“ En Bessastaðir eru tilvalið forsetasetur, bæði jörðin, húsnaði og kirkja. Helstu umbætur eru á þessum árum tjarnarstíflan, skreyting kirkjunnar og nýbyggð bókhlaða. Eru nú kirkjan og Bessastaðastofa komin í það horf, að ég hygg að ekki þurfi um að bæta né við að auka um langt skeið. En minna vil ég þó á, að forseti þarf einnig að hafa athvarf í Reykjavík, einkum að vetrarlagi. Það mun og til þess draga um leið og sinnt verður hinni ríku þörf Alþingis, ríkisstjórnar og ríkisstofnana fyrir aukin húsakynni. Eru það tilvaldar framkvæmdir, ef þörf verður aukinnar atvinnu, enda vísast til sparnaðar en ekki útgjaldaauka.

Mér er það ljóst, að það mun fæstum koma á óvart, að ég hefi nú lýst yfir þeirri ákvörðun, sem er ekki ný, að vera ekki oftari í kjöri. Ég verð orðinn sjötíu og fjögurra ára fyrir kjördag, ef ég lifi. Það hefði þótt háur aldur fyrir hálfri öld. Ekki skaltu freista Drottins Guðs þín, og þá ekki heldur þjóðar þinnar með þrasetu. En það kalla ég þrasetu, að sjá ekki sitt aldursmark. Nýjar kynslóðir vaxa upp, en vér sem erum á áttræðisaldri, vöxum fram af.

Vér höfum og lifað tvenna tímana. En tímamótin myndi ég setja nálægt upphafi hinnar fyrri heimsstyrjaldar, en þó hafa stórfelldastar breytingar orðið frá hinni síðari styrjöld og til þessa dags. Hið yngra fólk gerir sér vísast ekki ljósa þá breytingu, sem orðið hefir í íslensku þjóðfélagi og á kjörum fólks á einum mannsaldri. Og vér, sem munum aftur fyrir aldamót, eigum að sjálfsgöðu erfðara með að laga oss eftir hinum nýja tíma síðustu ára en yngri kynslóðin.

Ég minnst þess, þegar stjórnin var flutt inn í landið og hinn fyrsti íslenski ráðherra steig af skipsfjöl. Ég minnst fullveldisins 1918 og að sjálfsgöðu endurreistar

Lýðveldis árið 1944. Og þá minnst ég ekki síst Alþingishátíðarinnar 1930, sem átti ríkan þátt í að efla sjálfstraust Íslendinga og athygli og álit erlendra manna á fámennri, afskekktu þjóð sem átti þúsund ára þingsögu að baki. Einn breski fulltrúinn stóð að vísu fast á því, að breska Parliamentið væri móðir þjóðþinganna, en játaði fúslega, að Alþingi Íslendinga væri þá amma þeirra. Með slíka forsögu getum vér hvorki leyft oss né megum óvirða vort eigið Alþingi. Því ber að halda í hæstum heiðri. Allt eru þetta merkisatburðir, sem ég hefi rakið. Úr nýlendu er orðin frjáls og fullvalda þjóð. Vér höfum ekki orðið fyrir vonbrigðum um árangur sjálfstæðisbaráttunnar. Jafnframt hafa orðið stórfelldar breytingar í atvinnulífi og um búsetu. Fram um aldamót má heita að hér hafi verið bændaþjóðfélag. En þess verður að gæta, að bóndinn og hans fólk lagði jafnframt stund á heimilisiðnað og karlmenn fóru í verið á vertíð. Einn og sami maður við orfið, árina og vefstólinn.

Vöxtur kaupþúna og kaupstaða er í rauninni eðlileg verkaskipting, sem leiðir af aukinni véltækni og batnandi skipakosti. Þar sem ekki var komist á milli héraða áður fyrir, jafnvel til hjálpar í hallæri, þá eru nú allar leiðir opnar að kalla, bíllinn er kominn í stað hestsins. Og enn hafa flugsamgöngur þróast bæði innanlands og utan, svo að fjarlægðir hafa breyst í nálægð. Einangrun lands og þjóðar er úr sögunni. Það þarf bæði þrek og góða greind til að aðlagast slíkum stökkbreytingum á fáum áratugum. En þjóðarstofninn hefir sýnt, að hann er traustur og góður. Sú upplausn, sem rætt er um að sé í þjóðfélaginu, er vonandi bernskubrek, sem eiga eftir að hverfa með vaxandi þroska.

Svo virðist sem ýmsir hafi áhyggjur af því, að einangrun Íslands sé úr sögunni. Og ekki er því að neita, að á þessari öld tækninnar, kafbáta, flugvéla og eldflauga er Ísland, eins og önnur lönd, komið inn á hættusvæði ófriðartíma. Atómöldin gengur og jafnt yfir alla. Og þá er að taka því með skilningi og drengilegri sambúð við aðrar þjóðir. Vér búum við gott nágrenni. Ófriðarhætta milli þeirra þjóða, sem búa á ströndum norðanverðs Atlantshafs að vestan og austan, er einnig úr sögunni. Oss ber að rækja góða frændsemi við skyldar þjóðir, og vinskap við allar þjóðir, sem vér höfum nokkur samskipti og viðskipti við. Stórveldisdraumar eru engin freisting fyrir vopnlausu, fámenna þjóð. En það getum vér sýnt umheiminum, að smáþjóðir eiga rétt á sér jafnt og aðrar, og að skilyrði til mannlegs þroska séu þar síst lakari en meðal stórþjóða. Forystumaður eins og Jón Sigurðsson er fyllilega á borð við hvern annan leiðtoga milljónaþjóða. Ég verð þess oft var meðal erlendra þjóða að íslensk þjóð hefir gott mannorð að þeirra áliti, sem nokkuð þekkja til, og er það hin mesta þjóðarnauðsyn, að vér varðveitum það og sýnum oss þess maklega.

Sumir virðast og hafa auknar áhyggjur um framtíð íslensks máls og menningar. En þá væri hvorttveggja lítils virði, ef það gæti ekki þrífist nema í einangrun, eins og viðkvæm jurt undir glerþaki eða fornminjar á safni. Íslenskt þjóðerni er málið, hugsunarhátturinn og óslitin saga frá upphafi Íslands byggðar. Hrein og svipmikil tunga stóð af sér allar hættur nýlenduáranna um margar dimmar aldir. Meðal allrar alþýðu manna hefir tungan lifað með litlum breytingum frá upphafi sagna- og ljóðagerðar. Það stækkar fámenna þjóð að geta enn notið alls þess, sem hugsað hefir verið og skráð á þúsund árum og einni öld betur. Og það sameinar íslenska þjóð, að tungan er ein og engar mállýskur. Tungan þekkir enga stéttaskiptingu og verndar þjóðlegan hugsunarhátt. Meðan hennar varnarveggur stendur, er íslensku þjóðerni borgið. Íslendingar eru enn hin mesta bókmenntaþjóð.

Góðir Íslendingar! Ég lýsti yfir því, að ég verð ekki lengur í framboði. Á þessu ári eru liðin fjórtíu og fimm ár síðan ég var fyrst kjörinn á þing, söguríkt tímabil bókmennta og lista, framfara og kjarabóta.

Þetta er ekki kveðjuræða. Enn er eitt misseri til kosninga og mánuði betur til fardaga hér á Bessastöðum. Nú á útmánuðum kjörtímabilsins vænti ég að hitta margan mann að máli, og láta eitthvað til mín heyra.

Ég endurtek þakkir mínar fyrir liðin ár, og óska þjóðinni árs, friðar og Guðs blessunar!

Gleðilegt ár!